

Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands  
haldinn í Safnaðarheimili Reyðarfjarðarkirkju  
föstudaginn 15. október 2004 og hófst hann kl: 15.00

Eftirtaldir voru mættir fyrir hönd aðildarsveitarfélaganna:

Fjarðabyggð	Jón Björn Hákonarson
Djúpavogshreppur	Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir
Fellahreppur	Jóhann G. Gunnarsson
Seyðisfjarðarkaupstaður	Jón Halldór Guðmundsson
Fljótisdalshreppur	Gunnþórunn Ingólfssdóttir
Norður-Hérað	Jónas Þór Jóhannsson
Austurbyggð	Jósef A. Friðriksson
Austur-Hérað	Helga Guðmundsdóttir
Vopnafjarðarhreppur	Björn H. Sigurbjörnsson

Einnig sátu fundinn Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður Skólaskrifstofunnar og Gunnlaugur Sverrisson stjórnarmaður.

**1. Setning.**

Stjórnarformaður Jósef Friðriksson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

**2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.**

Jósef Friðriksson var kjörinn fundarstjóri og Jón Halldór Guðmundsson fundarritari.

**3. Skýrsla stjórnar.**

Jósef Friðriksson formaður stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands flutti skýrslu stjórnar.

**4. Ársreikningur 2003.**

Forstöðumaður fór yfir ársreikninginn. Hagnaður af rekstri kr. 1.383.550,-  
Rekstrartekjur ársins námu kr. 40.854.671,- Rekstrargjöld voru kr. 39.840.206,-  
Handbært fé í árslok var kr. 7.701.736,-

Ársreikningurinn var ræddur og svaraði Sigurbjörn fyrirspurnum fundarmanna. Gunnþórunn spurðist fyrir um ræstingalaun og Jón Halldór bað um upplýsingar um breytinguna við inngöngu Djúpavogshrepps. Að því búnu var ársreikningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða.

**5. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2005.**

Forstöðumaður lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2005 og skýrði bakgrunn áætlunarinnar á greinagóðan hátt. Áætlunin gerir ráð fyrir framlögum sveitarfélaga að upphæð kr. 37.302.000,- og heildartekjum að upphæð kr. 41.722.090,- Rekstrargjöld eru áætluð kr. 44.583.227,- mismunur gjalda og tekna verður brúaður með kr. 2.861.137,- sem tekið verður af tekjuafgangi fyrri ára.

**6. Kosningar.**

### Kosning formanns

Jósef A. Friðriksson, Austurbyggð var kosinn formaður með öllum greiddum atkvæðum.

### Aðrir stjórnarmenn voru kjörnir.

Björn Heiðar Sigurbjörnsson	Vopnafirði
Gunnlaugur Sverrisson	Fjarðabyggð
Jón Halldór Guðmundsson	Seyðisfirði
Ágústa Björnsdóttir	Austur- Héraði

### Til vara:

Marianna Jóhannsdóttir	Fellahreppi
Jón Björn Hákonarson	Fjarðabyggð
Sigfríður Þorsteinsdóttir	Breiðdalshreppi
Aðalsteinn Jónsson	Norður-Héraði
Kristjana Björnsdóttir	Borgarfirði

### Skoðunarmenn reikninga.

#### Aðalmenn:

Þóroddur Helgason	Fjarðabyggð
Kristinn Briem	Fjarðabyggð

#### Varamenn.

Börkur Vígþórsson	Austur-Héraði
Andrea Borgþórsdóttir	Fjarðabyggð

Úrslit þessara kosninga var einróma kjör.

### 7. Önnur mál:

Forstöðumaður kvaddi sér hljóðs og þakkaði viðstöddum stjórnarmönnum og forsvarsmönnum sveitarfélaga gott samstarf á árinu og góðan fund. Einnig vakti hann sérstaka athygli á þeirri þörf að koma á fót þjónustu talmeina í fjórðungnum fyrir þá sem þurfa á talþjálfun að halda.

Jónas Þór Jóhannsson kvaddi sér hljóðs og þakkaði Skólaskrifstofunni gott starf og greindi frá ferð sem hann fór ásamt skólustjóra Brúarásskóla og forstöðumanni Skólaskrifstofunnar í Grunnskólann á Kárahnjúkum. Fram kom að hann hyggst beita sér fyrir frekari samskiptum við þann skóla.

Jósef þakkaði fundarmönnum góðan fund og sleit fundi að þeim orðum sögðum.

Fundarritari  
Jón H. Guðmundsson